

Símenntunarmiðstöð  
Vesturlands  
Ársreikningur 2016

Símenntunarmiðstöð Vesturlands  
Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnes  
Kt. 540199-3539

# Efnisyfirlit

---

|  | Bls. |
|--|------|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ..... | 3    |
| Áritun óháðs endurskoðanda .....                     | 4    |
| Rekstrarreikningur .....                             | 6    |
| Efnahagsreikningur .....                             | 7    |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                            | 8    |
| Skýringar .....                                      | 9    |

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Símenntunarmiðstöðin er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var árið 1999. Markmið með starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands er meðal annars að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Símenntunarmiðstöðin á að veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu í samstarfi við m.a. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila.

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð.

Tap varð á rekstri miðstöðvarinnar á árinu 2016 að fjárhæð 4,9 millj. kr. og nemur eigið fé 15,3 millj. kr. í árslok 2016 en þar af er 1,0 millj. kr. óskerðanlegt stofnfé sbr. 2. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar.

Hjá stofnuninni störfuðu 7 starfsmenn í 4,98 stöðugildum á árinu 2016 og laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu 10,9 millj. kr. á árinu.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 17. mars 2017

Í stjórn félagsins:

Guðrún Lárusdóttir

Sigrún Fikarsdóttir

Macquis Snaði Snævarsson

Ágústa E. Jónsdóttir

Kristinn Þor. Arnar.



Framkvæmdastjóri:

Sigrún Fikarsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, 17. mars 2017

**KPMG ehf.**

Haraldur Órn Reynisson

# Rekstrarreikningur ársins 2016

|   | Skýr. | 2016                | 2015               |
|---|-------|---------------------|--------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>                                    |       |                     |                    |
| Styrkir .....   | 6     | 82.455.990          | 84.578.951         |
| Tekjur vegna námskeiða .....                              |       | 20.558.155          | 25.659.989         |
| Aðrar tekjur .....  | 7     | 4.975.815           | 3.980.901          |
|   |       | <u>107.989.960</u>  | <u>114.219.841</u> |
| <b>Rekstrargjöld:</b>                                     |       |                     |                    |
| Laun og launatengd gjöld .....                            | 8     | 46.880.416          | 46.444.541         |
| Námsskeiðskostnaður .....                                 | 9     | 39.831.154          | 45.121.256         |
| Annar rekstrarkostnaður .....                             | 10    | 23.811.989          | 22.172.540         |
| Afskriftir .....  | 3,11  | 649.659             | 311.560            |
|   |       | <u>111.173.218</u>  | <u>114.049.897</u> |
| <b>Rekstrar (-tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði .....</b> |       | ( 3.183.258)        | 169.944            |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>                |       |                     |                    |
| Fjármunatekjur .....                                      |       | 371.157             | 1.136.384          |
| Fjármagnsgjöld .....                                      |       | ( 2.144.360)        | ( 1.164.394)       |
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....</b>     |       | <u>( 1.773.203)</u> | <u>( 28.010)</u>   |
| <b>(Tap) hagnaður ársins .....</b>                        | 13    | <u>( 4.956.461)</u> | <u>141.934</u>     |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

|   | Skýr. | 2016              | 2015              |
|---|-------|-------------------|-------------------|
| <b>Fastafjármunir:</b>                  |       |                   |                   |
| Áhöld og tæki.....                      |       | 1.376.383         | 1.246.242         |
| Fastafjármunir alls                     | 3,11  | 1.376.383         | 1.246.242         |
| <b>Veltufjármunir:</b>                  |       |                   |                   |
| Óinnheimtar tekjur .....                | 4,12  | 9.346.318         | 4.139.205         |
| Aðrar skammtímakröfur .....             |       | 81.138            | 747.707           |
| Verðbréfaeign.....                      |       | 3.580.468         | 3.596.936         |
| Handbært fé.....                        |       | 13.910.666        | 23.501.812        |
| Veltufjármunir alls                     |       | 26.918.590        | 31.985.660        |
| <b>Eignir samtals</b>                   |       | <b>28.294.973</b> | <b>33.231.902</b> |
| <b>Eigið fé:</b>                        |       |                   |                   |
| Bundið eigið fé:                        |       |                   |                   |
| Stofnfé .....                           |       | 1.000.000         | 1.000.000         |
| Frjálst eigið fé:                       |       |                   |                   |
| Óráðstafað samkvæmt skipulagsskrá ..... |       | 14.312.520        | 19.268.981        |
| Eigið fé samtals                        | 13    | 15.312.520        | 20.268.981        |
| <b>Skammtímaskuldir:</b>                |       |                   |                   |
| Fyrirframinnheimtar tekjur .....        | 2     | 9.620.000         | 6.216.000         |
| Viðskiptaskuldir.....                   |       | 450.809           | 1.115.566         |
| Aðrar skammtímaskuldir .....            |       | 2.911.644         | 5.631.355         |
|   |       | 12.982.453        | 12.962.921        |
| Skuldir samtals                         |       | 12.982.453        | 12.962.921        |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>      |       | <b>28.294.973</b> | <b>33.231.902</b> |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

|  | Skýr. | 2016         | 2015       |
|--|-------|--------------|------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar:</b>                       |       |              |            |
| (Tap) hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....  | 13    | ( 4.956.461) | 141.934    |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: |       |              |            |
| Afskriftir .....                                 | 11    | 649.659      | 311.560    |
| Veltufé (til) frá rekstri                        |       | ( 4.306.802) | 453.494    |
| <br>   |       |              |            |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:   |       |              |            |
| Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun .....           |       | ( 4.524.076) | 9.019.853  |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....          |       | 19.532       | ( 165.284) |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum    |       | ( 4.504.544) | 8.854.569  |
| <br>   |       |              |            |
| Handbært fé (til) frá rekstri                    |       | ( 8.811.346) | 9.308.063  |
| <br>   |       |              |            |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>                  |       |              |            |
| <br>   |       |              |            |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ..... |       | ( 779.800)   | 0          |
| Fjármögnunarhreyfingar                           |       | ( 779.800)   | 0          |
| <br>   |       |              |            |
| <b>Breyting á handbæru fé .....</b>              |       | ( 9.591.146) | 9.308.063  |
| <br>   |       |              |            |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>             |       | 23.501.812   | 14.193.749 |
| <br>   |       |              |            |
| <b>Handbært fé í árslok .....</b>                |       | 13.910.666   | 23.501.812 |



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Símenntunarmiðstöðvarinnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Innlausn tekna

2. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af sölu námskeiða og styrkir eru færðir í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Styrkir sérverkefna sem ekki er lokið í árslok eru færðir sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi í samræmi við stöðu verkefnis.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími eru 5 ár.

### Óinnheimtar tekjur

4. Skammtímakröfur í árslok 2016 eru færðar niður um 1,6 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum tekjum í árslok í efnahagsreikningi.

### Áunnið orlof

5. Áfallið orlof er reiknað og fært í rekstrar- og efnahagsreikning og nemur skuldbindingin 2,6 millj. kr. í árslok 2016.

## Sundurliðanir

| 6. <b>Styrkir</b>   | 2016              | 2015              |
|---|-------------------|-------------------|
| Styrkur frá ríkissjóði .....  | 22.200.000        | 21.700.000        |
| Styrkur frá ríkissjóði - viðbótarsamningur v/framhaldsfræðslu ..... | 4.800.000         | 0                 |
| Styrkir vegna sérverkefna .....                                     | 6.250.000         | 4.739.403         |
| Styrkur vegna erlendra verkefna .....                               | 2.053.690         | 4.092.126         |
| Styrkur vegna Fjölmennnt .....                                      | 4.500.000         | 4.500.000         |
| Styrkur vegna Þróunarsjóðs .....                                    | 0                 | 294.433           |
| Styrkur vegna náms- og starfsráðgjafar .....                        | 6.500.000         | 8.506.200         |
| Styrkur vegna vottaðra námsleiða FA .....                           | 24.700.000        | 24.193.800        |
| Styrkur vegna hækkunar menntunarstigs í NV-kjördæmi .....           | 5.740.000         | 5.899.921         |
| Styrkur vegna raunfærnimats .....                                   | 6.401.300         | 14.356.940        |
| Styrkur vegna íslensku fyrir útlendinga .....                       | 2.715.000         | 1.849.000         |
| Endurgreiddir styrkir .....   | 0                 | ( 6.504.600)      |
| Fyrirframinnheimtir styrkir .....                                   | ( 3.404.000)      | 951.728           |
|   | <u>82.455.990</u> | <u>84.578.951</u> |

## Skýringar, frh.:

|   | 2016              | 2015              |
|---|-------------------|-------------------|
| <b>7. Aðrar tekjur</b>  |                   |                   |
| Námsvísir, auglýsingar, leiga .....                           | 985.000           | 1.070.708         |
| Aðrar tekjur .....  | 3.990.815         | 2.910.193         |
|   | <u>4.975.815</u>  | <u>3.980.901</u>  |
| <b>8. Laun og launatengd gjöld</b>                            |                   |                   |
| Laun .....  | 37.172.518        | 36.392.033        |
| Stjórnarlaun .....  | 496.420           | 208.464           |
| Áfallið orlof, breyting .....                                 | ( 935.539)        | 87.709            |
| Ökutækjastyrkur .....   | 1.349.222         | 1.330.520         |
| Tryggingagjald .....  | 3.090.505         | 3.156.782         |
| Lífeyrissjóðsframlag .....                                    | 4.417.557         | 4.215.592         |
| Önnur sjóðagjöld .....  | 1.289.733         | 1.053.441         |
|   | <u>46.880.416</u> | <u>46.444.541</u> |
| Stöðugildi í árslok .....                                     | 4,98              | 5,40              |
| <b>9. Námskeiðskostnaður</b>                                  |                   |                   |
| Aðkeypt þjónusta .....  | 36.353.036        | 40.686.547        |
| Húsaleiga og aðstöðukostnaður .....                           | 186.000           | 584.800           |
| Námsefni .....  | 838.509           | 830.489           |
| Fjarfundakostnaður .....                                      | 900.680           | 1.603.029         |
| Annar kostnaður .....   | 1.552.929         | 1.416.391         |
|   | <u>39.831.154</u> | <u>45.121.256</u> |
| <b>10. Annar rekstrarkostnaður</b>                            |                   |                   |
| Útgáfa námsvísis .....  | 1.382.039         | 1.392.013         |
| Tölvuþjónusta og hugbúnaður .....                             | 1.831.141         | 2.514.222         |
| Dagpeningar .....   | 657.513           | 554.860           |
| Húsnæðiskostnaður .....                                       | 7.455.107         | 7.260.224         |
| Áskriftir og félagsgjöld .....                                | 329.998           | 335.842           |
| Ýmis aðkeypt þjónusta .....                                   | 3.044.197         | 1.380.138         |
| Gjaldfærð áhöld og tæki, viðhald áhalds .....                 | 445.720           | 112.296           |
| Sími og pósthúðargjöld .....                                  | 1.248.904         | 1.246.548         |
| Prentun, pappír, ritföng, skrifstofuvörur og tryggingar ..... | 964.488           | 703.941           |
| Ferðakostnaður .....  | 2.661.144         | 1.513.358         |
| Auglýsingar .....   | 801.792           | 1.037.099         |
| Rekstur bifreiðar, leiga bifreiða .....                       | 1.635.053         | 1.897.908         |
| Ráðstefnur, endurmenntun, námskeið og veitingar .....         | 443.150           | 480.550           |
| Risna og móttaka gesta .....                                  | 0                 | 174.983           |
| Kaffistofa .....  | 145.706           | 329.992           |
| Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur, breyting .....          | 614.106           | ( 92.638)         |
| Annar kostnaður .....   | 151.931           | 1.331.204         |
|   | <u>23.811.989</u> | <u>22.172.540</u> |

## Skýringar, frh.:

---

### 11. **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

|                               | Áhöld og tæki    |
|-------------------------------|------------------|
| Bókfært verð 1.1.2016 .....   | 1.246.242        |
| Keypt á árinu .....           | 779.800          |
| Afskrifað á árinu .....       | ( 649.659)       |
| Bókfært verð 31.12.2016 ..... | <u>1.376.383</u> |

### **Skammtímakröfur**

#### 12. Niðurfærsla skammtímakrafna

|                                      |                  |
|--------------------------------------|------------------|
| Niðurfærsla í ársbyrjun .....        | 1.050.433        |
| Tapaðar kröfur .....                 | ( 106.000)       |
| Breyting á niðurfærslu á árinu ..... | <u>614.106</u>   |
| Niðurfærsla í árslok .....           | <u>1.558.539</u> |

### **Eigið fé**

#### 13. Yfirlit um breytingu á eigin fé:

Bundið eigið fé:

|                           |                  |
|---------------------------|------------------|
| Flutt frá fyrra ári ..... | 1.000.000        |
|                           | <u>1.000.000</u> |

Frjálst eigið fé:

|                           |                   |
|---------------------------|-------------------|
| Flutt frá fyrra ári ..... | 19.268.981        |
| Tap ársins .....          | ( 4.956.461)      |
|                           | <u>14.312.520</u> |

|                           |                   |
|---------------------------|-------------------|
| Eigið fé 31.12.2016 ..... | <u>15.312.520</u> |
|---------------------------|-------------------|

### **Önnur mál**

14. Á árinu 2014 var gerður ótímabundinn leigusamningur við Hertz bílaleigu um leigu á bifreið. Bifreiðin er notuð fyrir starfsmenn Símenntunarmiðstöðvarinnar vegna starfa þeirra utan vinnustaðar. Leigu- og rekstrarkostnaður er færður meðal annars kostnaðar í rekstrarreikningi. Í gildi er tímabundinn húsaleigusamningur vegna fasteignar sem tekin hefur verið á leigu undir starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar, nógildandi samningur rann út í júlí 2016, en ekki hefur verið gengið frá framlengingu samningsins.